

**172. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fjarfundi,
21. september 2021 og hófst hann kl. 08:00.**

Fundinn sátu:

Bára Daðadóttir formaður, Sandra Margrét Sigurjónsdóttir varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Jónína Erna Arnardóttir skólastjóri tónlistarskóla, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Dagný Hauksdóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 2109145 - ÍA-samstarf ÍA og Akraneskaupstaðar

Fulltrúar ÍA, Guðmunda Ólafsdóttir og Hrönn Ríkharðsdóttir mæta á fundinn og kynna upphaf vetrarstarfs, verklagsreglur og aðgerðaáætlanir vegna óviðeigandi hegðunar og framkomu innan hreyfingarinnar.

Skóla- og frístundaráð þakkar fulltrúum stjórnar ÍA fyrir komuna á fundinn og góða kynningu og óskar félaginu velfarnaðar á komandi vetri.

2. 2109146 - Tónlistarskóli - starfsemi

Jónína Erna Arnardóttir skólastjóri Tónlistarskóla Akraness kynnir ársskýrslu skólans, gæða- og þjónustukönnun og vetrarstarfið framundan.

Skóla- og frístundaráð þakkar Jónínu Ernu skólastjóra fyrir góða kynningu á starfi tónlistarskólans.

3. 2109149 - Teigasel-húsnæðismál

Kynning á fyrirhuguðum framkvæmdum vegna viðhalds.

4. 2109148 - Forvarnarteymi-þingsályktun nr.37/150

Kynning á fyrirhugaðum aðgerðum vegna þingsályktunar, nr. 37/150, um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun um aðgerðir fyrir árin 2021 - 2051.

Í þingsályktunartillögunni er lögð áhersla á að forvarnir verði samþættar kennslu og skólasterfi á öllum skólastigum, sem og í starfsemi frístundaheimila og félagsmiðstöðva.

Stefnt er því að forvarnarteymin hafi komið til framkvæmda innan hvers skóla fyrir árslok 2021.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:00.